

Kæru nýstúdentar, kennarar, stoltir ættingjar, nemendur í FSN og aðrir gestir.

Tíminn líður hratt á gervihnatta öld.

Þessum orðum sem Gleðibankinn söng svo eftirminnilega fékk ég að kynnast af alvöru þegar ég hitti Hrafnhildi skólameistara um daginn og fimm ára stúdentsafmælið mitt barst í tal. Mér finnst magnað að það séu komin fimm ár síðan ég setti upp hvíta kollinn, stóð í þessari pontu og flutti ræðu fyrir hönd nýstúdenta.

Silja Rán heiti ég og er 24 ára laganemi frá Grundarfirði. Ég vil óska nýstúdentum hjartanlega til hamingju með útskriftina. Mér finnst alls ekki leiðinlegt að fá að koma hingað og rifja upp gullárin í FSN. Hér átti ég yndisleg ár og kynntist frábærum samnemendum og kennurum. Hér lærði ég líka helling og öðlaðist reynslu sem hefur komið sér vel að útskrift lokinni. Í dag stunda ég meistaranám í lögfræði við Háskóla Íslands og er nemi í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri ásamt því að starfa hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir mér eru menntaskólaárin tími sem maður kynnist sjálfum sér og öðrum. Mér finnst menntaskólar frekar vera vettvangur til að vaxa og dafna með öðrum unglíngum, sem eru á svipuðum stað í lífinu, frekar en að vera fræðisetur sem skilar af sér latínusnillingum. Ég hefði hvergi annars staðar vilja vera í menntaskóla en hér undir Kirkjufellinu með mínum bestu vinum. Hér fékk ég ómetanlega reynslu og stuðning frá kennurum sem ég er þakklát fyrir. Námið var kannski ekki alltaf í fyrsta sæti og sést það svart á hvítu á þessu blessaða einkunnarspjaldi. Ég hef þó ekki þurft að hafa áhyggjur af því, enda hef ég geymt þetta fína spjald ofan í skúffu og þar verður það áfram.

Árin í FSN einkenndust af mikilli gleði og góðri stemmingu og þá sérstaklega þegar ég var í stjórn nemendafélagsins. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa öflugt félagslíf. Öflugt félagslíf er miklu meira en góð hljómsveit á sveittu balli. Það þurfa að vera fjölbreyttir viðburðir yfir önnina sem höfða til sem flestra. Þannig mynda nemendur öðruvísi tengsl heldur en í skólastofunni. Vinatengsl er eitt af því sem er ekki kennt með hefðbundinni kennslu en rétt kennsla t.d. hópavinna og slíkt getur stuðlað að því að nemendur kynnist betur innbyrðis.

Áður en ég útskrifaðist tók ég mér pásu og flutti til Danmerkur. Í Danmörku lærði ég merkilega lítið í dönsku en ég var meðal annars í Íþróttalýðháskólanum í Árhúsum. Sú upplifun var frábær og ég mæli með því fyrir alla. Þegar ég kom aftur heim í FSN átti ég eina önn eftir, og á þeim tíma hefði ég alveg verið til í að vera lengur í því verndaða og þægilega umhverfi sem skólinn er. Það var undarleg tilfinning að útskrifast og ég vissi ekkert hvað ég vildi gera. Ég hafði ekki hugmynd hvað ég ætlaði að gera á morgun og hvað þá, hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Þegar námi mínu lauk hóf ég stuttan feril í fiski. Ég reyndi sem sagt fyrir mér í góðu frystihúsi hér í bæ en komst fljótt að því að þessi bransi var ekki fyrir mig. Ég hjólaði heim í hádeginu fyrsta daginn, alveg uppgefin eftir þriggja tíma vinnu, og skráði mig í lagadeild Háskóla Íslands. Það var svo „sirka“ viku síðar sem ég átti óþægilegt símtal við yfirmann minn og tjáði henni að því miður væri ekki von á mér aftur.

Eftir sumarið lá leið mín í lögfræðina, þar sem ég var búin að lofa sjálfri mér því að ég myndi halda uppteknum hætti og hætta, ef ég teldi að þetta væri ekki rétta námið fyrir mig. Ég bjóst við því að prófa margar mismunandi deildir í háskólanum áður en ég myndi finna mig. Þetta hljómar kannski ekki eins og eftirsóknarvert hugarfar í fyrstu, en ég er sannfærð um að maður eigi ekki að vera of harður við sjálfan sig. Lífið er nefnilega stutt og maður á bara að gera það sem er skammtilegt. Við megum ekki festast í fyrirfram ákveðnum kassa og vera hrædd um að mistakast.

Það var mikil vissulega mikil áskorun að byrja í lögfræði og flytja 19 ára ein til Reykjavíkur. Kannski jafnvel að orðið „menningarsjokk“ eigi vel við. Ég gleymi seint fyrsta deginum mínum í lagadeild þar sem ég gerði þau grundvallarmistök að mæta í lopapeysu. Ég get ekki sagt að ég hafi slegið í gegn hjá jakkafataklæddum samnemendum mínum. Það voru 299 nemendur skráðir í áfangann sem voru rúmlega hundrað fleiri en í öllum Fjölbrautaskóla Snæfellinga á þeim tíma. Það reyndist svo vera fínasta skemmtun í lagadeildinni og tveimur árum síðar var ég formaður nemendafélagsins sem er það stærsta innan háskólans. Mér finnst rosalega gefandi og lærdómsríkt að sinna félagsstörfum og hvet ég nýstúdenta til að taka þátt félagsstörfum í framtíðinni.

Ég var lengi að velta því fyrir mér hvað ég ætti nú að segja hérna í þessari ræðu. Ég var frekar lengi að komast af stað en ég fór að hugsa, hvað hefði ég viljað heyra þegar ég stóð hér sem nýstúdent fyrir fimm árum síðan. Það sem ég hefði kannski fyrst og fremst þurft að heyra var að 11 cm hælaskór og snípstuttur kjóll væri kannski ekki málið við svona tilefni. En við gerum öll mistök og lærum af þeim. Enda er ég hingað komin fullklædd fimm árum síðar. Ég hef rekið mig á það, á efri árum að það er allt í lagi að gera mistök. Það er bara í góðu lagi. Óttinn við að klúðra einhverju eða hræðslan við að mistakast er töluvert verri en mistökin sjálf.

Það er kannski fínt að þið heyrið þetta núna, kæru nýstúdentar, þið getið ekki þóknast öllum, það er alltaf einhverjum sem finnst hárið ykkar ljótt, varaliturinn of skær eða finnst skyrtnan bara alls ekki fara ykkur. Það þýðir ekkert að láta svoleiðis fýlupúka trufla sig.

Ég er langt frá því að vera stillti og þrúði afburðarnemandinn sem vanalega er fenginn í svona ræður. Ég held ég sé ein af fáum sem náði því vafasama afreki að falla í myndmennt. Ég útskrifaðist svo með fall í spænsku, var með meðaleinkunn nær sex en sjö og ég reifst oft við Óla húsvörð því ég taldi það vera mannréttindi að fá að vera með í vörinni í skólanum. En það er líka bara allt í lagi. Við erum öll misjöfn og með misjafnar áherslur. Við þurfum ekki öll að vera eins, við þurfum ekki öll að skilja setningafræðilega þáttun eða geta reiknað mól.

Við megum ekki bera okkur saman við aðra. Ég held það sé gáfulegra að reyna að verða betri útgáfa af okkur sjálfum og reyna að vera betri manneskja í dag en í gær.

Við getum ekki dæmt fisk eftir því hversu góður hann er að fljúga. Það er vegna þess að flestir fiskar geta einfaldlega ekki flogið. Við getum ekki sett alla í sama formið og ætlast til þess að allir séu eins. Við verðum að fagna fjölbreytileikanum og vera óhrædd við að fara öðruvísi leiðir. Sum ykkar sem standið hér eruð búin að vera í

skóla síðan þið voruð sex ára. Ekki flýta ykkur í háskóla, skoðið heiminn og prófið eitthvað nýtt, heimsækið Stokkseyri, Tæland eða Vestfirði. Háskóli Íslands til dæmis er búin að standa á sama stað í 100 ár, hann er ekki að fara neitt og verður tilbúinn að taka á móti ykkur þegar að því kemur.

Mig langar til að hvetja ykkur til að vera þið sjálf og gera það sem þið viljið. Sama hversu stórt eða hversu fráleitt það er, ef það er það sem þið viljið þá getið þið það. Mig langar til að hvetja nýstúdenta til þess að hika ekki við að grípa þau tækifæri sem þið sjáið. Engin veggur er of stór til að klifra yfir og ekkert vatn svo langt að þið getið ekki synt yfir það. Þetta snýst allt um hugarfar.

Eins og ég kom inn á áðan þá tel ég það afar mikilvægt að njóta lífsins því þessi dagur kemur ekki aftur. Við vitum ekkert hvað gerðist næst. Því fékk ég að kynna einn slæman sumardag þegar ég var á rölti í Kringlunni og fékk símtal frá lækni um að ég þyrfti að fara sem fyrst niður á Landspítala í nánari skoðun. Ég sagði nú við lækinn að ég hefði engan tíma í það enda nýbúin að panta mér sushi. Á rúmlega sólarhring fór ég frá því að vera áhyggjulaus 21 ára skvís í sumarfríi yfir í að verða allt í einu, krabbameinssjúklingur. Þá tóku við erfiðir mánuðir í veikindum og ég var allt í einu komin í verkefni sem ég gat ekki bara hætt við. Áföllin gera aldeilis ekki boð á undan sér en maður á ekki að þurfi að lenda í áföllum til þess að átta sig á hvað lífið er dýrmæt og hvað dagurinn í dag er mikilvægur. Ég er þakklát fyrir að hafa náð góðum bata og ennþá þakklátari fyrir þá hugarfarsvakningu sem ég hlaut eftir þetta tímabil.

Jæja nýstúdentar ég hvet ykkur til þess að vera óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir, takið skrytnum hlutum opnum höndum og gerið eitthvað nýtt reglulega. Lífið er núna, gerið mistök, lærið af þeim og verðið enn betri útgáfa af ykkur sjálfum. Að útskrifast með stúdentspróf er virkilega stór áfangi sem opnar allskonar dyr og ég hvet ykkur til þess að vera stolt af ykkur sjálfum.

Gangi ykkur vel í framtíðinni, þið eruð flott og framtíðin er björt!

Takk fyrir mig!